



Ástand spennikapla í steiptum brúm – Áfangaskýrsla 4. Baldvin Einarsson, Efla hf. – mars 2023.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður mælinga á klór í yfirbyggingum fimm brúa á Vesturlandi. Einnig mælingar á steypuhulu á þeim stöðum sem sýni til saltmælinga voru tekin. Valdar voru brýr sem standa í sjávarumhverfi en einnig brýr fjarri sjó þar sem saltáraun er aðallega frá hálkuvörnum vegarins. Niðurstöður sýna að klór er mikið í brúm sem standa í sjávarumhverfi. Það er heldur minna í brúm fjarri sjó en er samt það hátt að fylgjast þarf grannt með saltflæði í brúnum í framtíðinni.